

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 6. MARS 2019

Heimili



Greta Salóme er heimakær og nýtur þess að vera heima með kærasta sínum þegar færi gefst frá tíðum tónleikaferðum vestur um haf. Í gluggakistunni í baksýn stendur undurfagur strútslampi sem hagleiksmaðurinn og faðir Gretu Salóme skóp úr strútseggi og er í miklu uppáhaldi á heimilinu. MYND/STEFÁN

100% HREINT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í apótekum, heilsubúðum og
www.heilsanheim.is

Róla fyrir góðan trúno

Strútslampi og róla eru dýrgripir Gretu Salóme heima við. Hún kveikir á kertum í glaða sólskini og segist lánsöm með kærasta sem stendur traustur við bak hennar en þarf stundum að róla niður í húsverkum. ➔

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég frikaði út þegar ég sá hvað leyndist í jólapakkanum frá pabba og mömmu. Mig hafði svo lengi dreymt um að eignast rólu eins og er við sumarbústað foreldra minna á Laugarvatni og þarna var hún komin, handsmíðuð af pabba og alveg ekta róla fyrir góðan trúnað,“ segir Greta Salóme kát um sinn uppáhaldshúsmun heima. Rólan hangir fyrir ofan sólpallinn.

„Eftir að snjóinn tók upp og daginn tók að lengja veit ég fátt betra en að laumast út í róluna með hlýtt teppi og heitan drykk til að njóta slökunar,“ segir Greta Salóme og vaggar í notalegum takti rólunnar í fögrum Mosfellsbæ.

Strútslampi pabba í dálæti

„Ég er Mosfellingur í húð og hár og vil hvergi annars staðar búa,“ segir Greta Salóme sem keypti íbúð í Mosfellsbæ fyrir þremur árum.

„Staðsetning bæjarins er rómantísk, nátegn náttúrunni og mér finnst æðislegt að geta stigið rétt út fyrir túnfótinn og vera komin út í sveit. Töfrar Mosfellsbæjar felast þó fyrst og fremst í því að stórfjöl-skyldan býr í húsumum í kring. Það er ómetanlegt, sérstaklega þegar ég er lungann úr árinu í burtu, að koma heim og hafa fólkið mitt svona nærri. Við nánast skokkum út á náttfötunum hvert til annars,“ segir Greta Salóme og hlær.

Heimili Gretu Salóme og Elvars Þórs Karlssonar, sérfræðings í fyrirtækjaráðgjöf hjá Íslandsbanka, er glæsilegt. Stíllinn ber vott um bjarta, skandinavíska naumhyggju og Greta Salóme velur hvern hlut til heimilisins af gaumgæfni.

„Uppáhaldsstofustassið er strútslampi sem pabbi bjó til og gaf mér líka í jólagjöf. Pabbi er smíður og starfar sem byggingastjóri en er einn listrænasti einstaklingur sem ég hef kynnst um dagana. Hann er einstaklega fær handverksmaður, eins og lampinn ber glögg merki um. Hann skóf innan úr strúts-eggju, gerði gót á skurnina og útkoman er ómótstæðileg,“ segir Greta Salóme um gullfallegan lampann sem gefur frá sér draum-kennt skín þegar skyggir.

Ást, einlægni og vellíðan

Greta Salóme féll kylliflöt fyrir heimili sínu þegar hún gekk fyrst inn í stórt og opið eldhúsið.

„Eldhúsið er hjarta heimilisins. Ég hef mikið yndi af eldamennsku og nýt þess að matreiða hollan og bragðgóðan mat. Við Elvar höfum verið mikið saman í Tailandi og ef ég ætti að vipa fram gómsætum rétti sem líka er hollur væri það kjúklingur í rauðu, taílensku karrí.

Það er rétturinn okkar Elvars,“ upplýsir Greta Salóme sem er mikil húsmóðir í sér.

„Ég hef gaman af húsverkunum og finnst óreiða óþægileg. Ég vinn mikið heima við að semja, taka upp og æfa og finnst þá vont að hafa allt í drasli. Heimilið ber því vott um að allir hlutir eigi sinn stað og hér er oftast hreint og tiltekið,“ segir Greta Salóme en Elvar slær henni þó við í þessum efnum.

„Hann slakar aldrei á, er sífelldur að þrifa, gera og græja, og þegar ég er í útlöndum heldur hann heimilinu í toppstandi. Ég þarf aldrei að reka á eftir honum í verkin, það er frekar að ég þurfi að róa hann niður!“ segir Greta Salóme og skellir upp úr, stálheppin með mannsefni.

„Við Elvar eigum sameiginlegt að gera heimilið fallegt og vera heimakær. Það eru ekki svo margar stundir sem við eigum saman heima en þegar við eigum tímann fyrir okkur finnst okkur dásamlegt að vera bara heima,“ segir Greta Salóme.

Það var einlægni Elvars sem hitti hana í hjartastað.

„Elvar er svo hreinn og beinn, og það eru kostir sem maður tekur ekki sem sjálfsgöðum hlut. Eftir að ég fór að túra svona mikið um heiminn er einstök tilfinning og tær vellíðan að vera með manni sem styður mann og hvetur til dáða. Mér þykir það ótrúlega óeigingjart af honum og finnst ég heldur betur vera heppin.“

Flytur fegurstu lög í heimi

Í kvöld verður Greta Salóme með kertaljósatónleika í Lindakirkju ásamt Óskari Einarssyni.

„Ég hef það frá ömmu að vera kertasjúklingur. Ég tendra líka á kertum yfir bjartasta sumartímann, er alltaf með augun opin fyrir fallegum kertastjökum en í dálæti eru Flexor-stjakarnir úr Snúrunni,“ upplýsir Greta Salóme sem leikur á fiðlu sína og syngur við pianóundirleik Óskars í kvöld.

„Það er ólýsanleg stemning að sitja í kertaljósnum og njóta tónlistar. Fólk getur þá aðeins náð andanum, látið hugann reika, hlaðið batteríin og farið endurnært heim eftir að hafa hlustað á fegurstu lög í heimi,“ segir Greta Salóme en fallegasta lagið á efnisskrá kvöldsins þykir henni vera Tvær stjörnur eftir Megas.

„Ég hlakka mikið til því mér finnst allra skemmtilegast að spila heima,“ segir Greta Salóme sem á mánudagskvöld flaug heim frá Bandaríkjunum þar sem hún spilaði og söng fyrir 4.000 manns um borð í einu af nýjustu og stærstu skemmtiferðaskipum heims, Celebrity X.

„Það er mikil eftirspurn eftir mér í Bandaríkjunum og eftir því sem ég spila meira vindur það meira upp á sig. Ég er með frábæra umboðs-



Margir munir úr listrænum höndum föður Gretu Salóme prýða heimili hennar, þar á meðal útírólan sem hún situr í á myndinni og hann smíðaði handa henni í jólagjöf.

MYNDIR/STEFÁN

Stórt, opið eldhúshreif Gretu Salóme þegar hún keypti sér íbúð í Mosfellsbæ. Hún segist vera mikil húsmóðir í sér og hafa yndi af eldamennsku og húsverkum.



menn sem bóka mig á góða viðburði og er mikið í burtu en í fyrra var ég meira en hálf árið vestra og fékk bráðaofnæmi fyrir flugvélu og hótélum. Því langar mig að ná jafnvægi og vera meira heima, því heima er best,“ segir Greta Salóme og hefur svar á reidum höndum þegar hún er innt eftir því hvort hún sé orðin rík af stífu tónleikahaldinu.

„Þetta er vel launuð vinna en það fer eftir því hvernig maður skilgreinir ríkidæmi. Það eru fórnir sem fylgja öllu og maður er ríkastur

þegar maður er með fólkið sitt í kringum sig.“

Lag Hatara ógeðslega töff

Greta Salóme hefur í tvisgang stigið á svið sem fulltrúi Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, árin 2012 og 2016.


„Eurovision var stór stökkpallur, ekki síst í seinna skiptið þegar við nýttum okkur samfélagsmiðla í þá. Ég fékk samning við Disney í kjölfarið og hann opnaði mér líka margar dyr. Allt er þetta tengt og ef maður vinnur hvert verkefni

eins vel og maður getur er nánast útilokað að ekki komi annað stórt tækifæri á eftir,“ segir Greta Salóme sem lifir ævintýrlegu lífi í leik- húsum og mörgum af glæstustu skemmtiferðaskipum heims.

„Það er ákaflega gaman en lífið hér heima kallar á mig líka. Ég hlakka mikið til að fylgjast með Eurovision í ár og er þrusu bjartsýn fyrir hönd Hatara. Mér finnst lagið ógeðslega töff.“

Míðar á kertaljósatónleika Gretu Salóme í kvöld fast á tix.is og við innganginn í Lindakirkju.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gisladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, Torg ehf

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélur



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bilaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Garðyrkja

Felli tré og grysja og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

RÁÐGJÖF.

Vantar þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, sölumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf. Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.

Hafðu samb. í 8211000
Guðlaugur eða
laugim66@gmail.com

Kynntu þér málið.



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málingarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skílar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

Tek að mér ýmisskonar húsviðhald. Uppl. sími 8478704 eða maninn@hotmail.com

Til sölu



Sumarbústaður við Gíslholtsvatn til sölu

Eignarland við vatn (hektari).

Fallegt skógi vaxið land, veiðiréttur í vatninu. Bústaður og gestahús.

Nánari upplýsingar í síma 893-5517

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



Tilkynningar



AÐALFUNDUR

Hollvinasamtaka Reykjalundar verður haldinn í hátíðarsal Reykjalundar laugardaginn 9. mars n.k. kl. 13:30.

DAGSKRÁ

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Erindi: Próun meðferðarstarfs á Reykjalundi.
Magnús Ólason, framkvæmdastjóri lækninga.

Á fundinum verður Reykjalundi afhent hjartaómtæki af fullkomnustu gerð.

Hollvinir hvattir til að mæta og nýir félagar velkomnir.

Stjórnin



Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2018/2019

sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 685, 5. júlí 2018

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

Fjarðabyggð (Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík)

Vesturbyggð (Patreksfjörður, Brjánslækur og Bildudalur)

Sveitarfélagið Ölfus (Þorlákshöfn)

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í ofanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 218/2019 í Stjórnartíðindum

ATH. Umsóknum skal skila í gegnum rafræna umsóknargátt en vinnslusamningum er skilað í tölvupósti á byggðakvoti@fiskistofa.is á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2019

Fiskistofa, 5. mars 2019



VW Passat SW 4motion

Nýskráður 5/2012, ekinn 105 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Ásett kr. 2.590.000

Tilboð kr. 1.990.000

kr. 33.577 á mánn í 60 mánn*



Kia Ceed LX 1.6

Nýskráður 7/2011, ekinn 130 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Ásett kr. 1.190.000

Tilboð kr. 890.000

Allt að 100% fjármögnun í boði



Honda Civic Sport Plus

Nýskráður 9/2018, nýtt ökutæki, bensín, beinskíptur.

Ásett kr. 3.990.000

Tilboð kr. 3.590.000

kr. 46.651 á mánn. í 84 mánn.



Honda Civic Comfort

Nýskráður 6/2017, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur, glæný heilsársdekk.

Ásett kr. 2.790.000

Tilboð kr. 2.430.000

kr. 31.629 á mánn. í 84 mánn.



Honda HR-V Elegance

Nýskráður 9/2018, nýtt ökutæki, bensín, sjálfskiptur.

Ásett kr. 3.970.000

Tilboð kr. 3.550.000

kr. 46.133 á mánn. í 84 mánn.

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bilakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBÝGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd



Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og oliunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir lítilli íbúð á leigu í rvk (ekki 101), skilvisri og góðri umgengni heitið. Uppl. s: 847-0919

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

LEIKSKÓLALÉIÐBEINANDI.

Krílasef ungbarnaleikskóli sem er einkarekinn óskar eftir að ráða vanan leikskólaleiðbeinanda í 100% starf sem getur hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á krilasef@simnet.is

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Fylgstu með á frettabladid.is/sport



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Atvinnuauglýsingar | Job.is

Dalabyggð - SKIPULAGSFULLTRÚI



Dalabyggð óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa til starfa. Auk Dalabyggðar sinnir skipulagsfulltrúi verkefnum vegna skipulagsmála fyrir Árneshrepp, Kaldrananes-hrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð.

Nánari upplýsingar veitir: Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Árborg - SVIÐSSTJÓRI MANNVIRKJA- OG UMHVERFISSVIÐS



Sveitarfélagið Árborg leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að gegna lykilhlutverki í að leiða framfarir í mannvirkja- og umhverfismálum hjá sveitarfélaginu. Sviðsstjóri Mannvirkja- og umhverfissviðs er hluti af öflugum stjórnunarteymi á tímum mikils vaxtar og breytinga.

Nánari upplýsingar veitir: Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Eining-löja - Lögfræðingur



Eining-löja leitar að öflugum lögfræðingi til starfa hjá félaginu. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf. Starfið er á Akureyri.

Upplýsingar og umsókn capacent.com/s/13012

Skipulagsstofnun - Sviðsstjóri



Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða í spennandi starf sviðsstjóra á sviði stefnumótunar og þróunar. Meðal helstu verkefna þess eru vinna að landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulagi.

Upplýsingar og umsókn capacent.com/s/13013

FlyOver Iceland - Rekstrarstjóri



FlyOver Iceland leitar að öflugum rekstrarstjóra til þess að hafa umsjón með verslunar- og veitingarekstri fyrirtækisins

Upplýsingar og umsókn capacent.com/s/13024

Þú finnur draumastarfið á **Job.is**

Sjá nánar á **job.is**

Sölufulltrúar: Hrnann Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426